



270. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 15. nóvember 2018 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson ritari, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Ingi Þór Ágústsson, Lilja Sigurðardóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Örn Andrésson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Ása Ólafsdóttir, Garðar Svansson, Jón Finnbogason.

Forseti setti fundi og stýrði honum.

Dagskrá:

1. Ólympísk málefni

Örn Andrésson formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí fór yfir stöðu ólympískra verkefna.

YOG

Ólympíuleikar ungmenna í Buenos Aires í Argentínu gengu sérlega vel og stóðu allir íslensku þátttakendurnir sig með sóma. Hæst ber þó árangur Guðbjargar Jónu Bjarnadóttur en hún vann til gullverðlauna í 100 m spretthlaupi. Eru það fyrstu gullverðlaunin sem Ísland hlýtur í ólympískum viðburði. ÍSí bauð til móttöku fyrir íslenska hópinn og aðstandendur þeirra við komu hópsins til landsins aftur.

Undirbúningur fyrir EYOWF í Sarajevo og A-Sarajevo, EYOF í Baku og Evrópuleikana í Minsk á næsta ári gengur samkvæmt áætlun.

2. Fagsvið ÍSí

Örn Andrésson formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí fór yfir helstu verkefni sviðsins. Sviðið fundaði nýlega með öllum sérsamböndum, skipt eftir flokkum, og gengu þeir fundir vel. Á fundunum voru aðstöðumál landsliða ofarlega á baugi.

Þráinn Hafsteinsson formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí fór yfir helstu verkefni sviðsins.

Ráðstefna Sýnum karakter um jákvæða íþróttamenningu, sem haldin var 2. nóvember sl., tókst með afbrigðum vel en uppselt var á ráðstefnuna. Hana sóttu um 120 manns. Sviðið hefur unnið að undirbúningi ráðstefnu um framtíðarskipulag íþróttamála, ásamt skipuðum vinnuhópi og einnig er í bígerð ráðstefna sem halda á í tengslum við RIG í janúar nk. um íþróttir og ofbeldi. Nokkur félög hafa verið útskrifuð sem Fyrirmyndarfélög ÍSí á undanförunum vikum.

Hafsteinn Pálsson úr Almenningsíþróttasviði ÍSí skýrði frá því að undirbúningur fyrir Lífshlaupið 2019 gangi vel, sem og uppgjörsvinna vegna Íþróttaviku Evrópu. Tilboð í boli fyrir Kvannahlaupið 2019 var opnað í dag.

3. Formannafundur ÍSí

Framkvæmdastjóri fór yfir undirbúning Formannafundar ÍSí.

4. Ráðstefna um framtíðarskipulag íþróttamála

Viðar Garðarsson fór yfir undirbúning fyrir ofangreinda ráðstefnu. Undirbúningsfundur var haldinn með stjórnnum og starfsfólki ÍSí og UMFÍ í gærkvöldi en borðstjórar og svæðisstjórar ráðstefnunnar munu koma úr hópi þeirra.

5. Íþróttabing ÍSÍ

Farið yfir það helsta í undirbúningi fyrir Íþróttabing ÍSÍ. Samþykkt að Hafsteinn Pálsson og Ása Ólafsdóttir leiði endurskoðun laga ÍSÍ fyrir þingið. Fyrirhugað er að halda sérstakan vinnufund stjórnar í upphafi næsta árs til undirbúnings fyrir þingið.

6. GDPR – staða mála - Persónuverndarstefna ÍSÍ

Staða mála verður kynnt á Formannafundi ÍSÍ á morgun. Verið er að leggja lokahönd á upplýsingapakka til sambandsaðila og íþrótt- og ungmennafélaga, sem Advania/Advice hefur unnið fyrir ÍSÍ. Samþykkt Persónuverndarstefnu ÍSÍ frestað.

7. Siðareglur ÍSÍ

Endurskoðaðar siðareglur ÍSÍ voru lagðar fyrir síðasta framkvæmdastjórnarfund en þá voru gerðar smávægilegar athugasemdir við reglurnar. Nú hafa þær verið lagfærðar með hliðsjón af þeim athugasemdum og var lagfært eintak af reglunum sent með fundarboði til stjórnar til kynningar. Framlagðar siðareglur ÍSÍ samþykktar einróma. Endurskoðun hegðunarviðmiða stendur enn yfir.

8. Tilnefning í Íþróttanefnd ríkisins

Mennta- og menningarmálaráðuneytið óskaði eftir tilnefningu frá ÍSÍ í Íþróttanefnd ríkisins. Samþykkt var samhljóða í gegnum tölvupóst að tilnefna Sigríði Jónsdóttur og Þráin Hafsteinsson í nefndina en það er í höndum ráðuneytisins að ákveða hvort þeirra verður aðalmaður og hvort varamaður.

9. Tilnefning í samráðshóp um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum

Mennta- og menningarmálaráðuneytið óskaði eftir tilnefningu frá ÍSÍ í samráðshóp um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum. Samþykkt var samhljóða í gegnum tölvupóst að tilnefna Líneyju Rut Halldórsdóttur og Andra Stefánsson í hópinn en það er í höndum ráðuneytisins að ákveða hvort þeirra verður aðalmaður og hvort varamaður.

10. Tilnefning í vinnuhóp Íslenskra getrauna

Íslenskar getraunir hafa óskað eftir tilnefningu frá ÍSÍ í vinnuhóp Getrauna um verkefni fyrirtækisins. Samþykkt var samhljóða í gegnum tölvupóst að tilnefna Úlf H. Hróbjartsson sem fulltrúa ÍSÍ í hópinn.

11. Uppsögn á samningi um slysabótasjóð

Framkvæmdastjóri skýrði frá bréfi velferðarráðuneytis þar sem tilkynnt er um uppsögn á samningi á milli ÍSÍ og ráðuneytisins um framlag til Slysabótasjóðs ÍSÍ vegna nýs greiðsluþátttökukerfis vegna heilbrigðisþjónustu sem tók gildi 1. maí 2017. Vísað til framkvæmdastjóra ÍSÍ að afla nánari upplýsinga um málið.

12. Umsögn ÍSÍ um nýjan samning Evrópuráðsins um samhæfða nálgun í öryggismálum og þjónustu á knattspyrnuleikjum og öðrum íþróttaleikjum

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að ráðherraráð Evrópuráðsins hafi nú samþykkt nýjan alþjóðlegan samning um samhæfða nálgun á öryggismálum í knattspyrnuleikjum og öðrum íþróttaleikjum. Þessi samningur byggir á eldri samningi frá árinu 1985 um ofbeldi áhorfenda á íþróttaleikvöngum og þá helst á knattspyrnuleikjum. Mennta- og menningarmálaráðherra hyggst undirrita þennan nýja samning en óskar fyrst eftir umsögn frá ÍSÍ um málið. Framkvæmdastjóra falið umboð til að svara erindinu að viðhöfðu samráði við KSÍ.

13. Tillaga frá 42. sambandsráðsfundi UMFÍ

Lögð fram tillaga sem var samþykkt á 42. sambandsráðsfundi UMFÍ sem haldinn var á Ísafirði 20. október sl.:

„42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20. október 2018, þakkar Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí), Æskulýðsvettvanginum (ÆV) og Evrópu unga fólksins (EUF) fyrir vel unnin störf, gott samstarf á árinu og hvetur til áframhaldandi góðra verka. Jafnframt hvetur fundurinn sambandsaðila til að kynna sér ÆV og EUF og hvaða möguleikar eru þar í boði.“

14. Erindi FSÍ vegna aðstöðumála

Tekið fyrir erindi frá Fimleikasambandi Íslands varðandi aðstöðumál sambandsins í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Nokkrar umræður urðu um málið. Framkvæmdastjóri hefur verið í sambandi við forsvarsmenn sambandsins með það að markmiði að leita lausna, eftir því sem við verður komið.

15. Jafnréttisáætlun og leiðbeiningar fyrir íþróttafélög

Lagðar fram leiðbeiningar um gerð jafnréttisáætlana fyrir íþróttta- og ungmennafélög og íþróttahéruð, sem unnar hafa verið í samstarfi við Jafnréttisstofu, ásamt formi að jafnréttisáætlun sem félög og héruð geta notað til að fylla inn í. Markmiðið með leiðbeiningunum er að stuðla að auknu jafnrétti innan íþróttta- og ungmennafélaga og íþróttahéraða og aðstoða við gerð jafnréttisáætlana. Formið og leiðbeiningarnar samþykktar. Skrifstofu falið að senda gögnin út til sambandsaðila og félaga innan þeirra vébanda til kynningar.

16. Umsókn UMSS um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSí

Öll tilskilin gögn liggja nú fyrir vegna umsóknar Ungmennasambands Skagafjarðar (UMSS) um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSí og hefur umsóknin fengið staðfestingu Þróunar- og fræðsluviðs ÍSí. Umsóknin UMSS samþykkt samhljóða. Viðurkenningin verður afhent við fyrsta hentuga tækifæri.

17. Heiðranir

Eftirfarandi tilnefningar til heiðrana voru samþykktar í gegnum tölvupóst:
Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu í tilefni af 80 ára afmæli Umf. Snæfells:
Silfurmerki ÍSí – María Alma Valdimarsdóttir
Gullmerki ÍSí – Gunnar Svanlaugsson
Ekki náðist að manna þennan viðburð en merkin verða afhent við fyrsta hentuga tækifæri.

Þráinn Hafsteinsson afhenti Sigrúnu Þuríði Geirsdóttur og Hörpu Hrund Berndsen viðurkenningu vegna Drangeyjarsunds á árinu 2017. Þær fá nöfn sín einnig letruð á Drangeyjarsundsbikarinn sem gefinn var af ÍSí og geymdur er í höfuðstöðvum ÍSí.

18. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 269. fundur framkvæmdastjórnar
- 15. fundur framkvæmdaráðs ÍSí 2018
- Afreks- og Ólympíusvið ÍSí 12. nóvember 2018

19. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði framundan og til lengri tíma litið.

20. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir eru áætlaðir 6. desember kl. 12:00, 17. janúar kl. 16:00 og 21. febrúar kl. 16:00.

21. Önnur mál

NILE – þátttaka

Samþykkt að senda einn þátttakanda til náms í næsta námstímabil NILE leiðtoganámsins og óska jafnframt eftir því að eitt af Norðurlöndunum verði leiðbeinandi aðili vegna þátttöku Íslands. Ákveðið að leita eftir tilnefningum frá sérsamböndum.

Air Iceland Connect

Búið er að funda einu sinni um nýjan samning um afsláttarkjör á innanlandsflugi. Beðið er eftir fyrstu drögum að samningi.

Heimsókn sendinefndar Evrópuráðsins

Sendinefnd frá Evrópuráðinu heimsótti höfuðstöðvar ÍSÍ, ásamt fulltrúum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og fengu kynningu á skipulagi íþróttahreyfingarinnar og starfsemi ÍSÍ. Nefndin var ánægð með kynninguna og starf hreyfingarinnar á Íslandi.

Aðalfundur EOC

Forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ sóttu aðalfund EOC í Marbella á Spáni dagana 9. og 10. nóvember sl. Á fundinum var Ellert B. Schram Heiðursforseti ÍSÍ sæmdur EOC Laurel Award fyrir störf hans í þágu íslenskra íþrótta og ólympíuhreyfingarinnar. Hafsteinn Pálsson, sem sótti fund EOC Environment and Sport for All Commission 8. nóvember í Marbella, sat einnig aðalfund EOC.

Boð HSK á útgáfuhóf

Lagt fram boð Héraðsambandsins Skarphéðins í hóf vegna útgáfu heimildarmyndar um Landsmót UMFÍ sem haldin hafa verið á sambandssvæði UMFÍ. Þráinn Hafsteinsson verður fulltrúi ÍSÍ í hófinu.

Ársþing MSÍ

Aukabing og formannafundur Mótorhjóra- og snjósleðasambands Íslands verður haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal laugardaginn 17. nóvember nk. Ingi Þór Ágústsson verður fulltrúi ÍSÍ við þingsetningu.

Samningar um fjárframlag

Forseti skýrði frá undirritun samninga við mennta- og menningarmálaráðuneyti um framlag vegna reksturs sambandsins sem og stuðning við sérsambönd ÍSÍ. Við sama tækifæri var undirritaður samningur um framlag til Ferðasjóðs íþróttafélaga. Undirritun samninganna var áætluð fyrst í aprílmánuði síðastliðnum en var þá frestað.

Pappírslaus framkvæmdastjórn

Viðar Garðarsson óskaði eftir því að leitað yrði lausna til að framkvæmdastjórn ÍSÍ geti verið sem mest pappírslaus á árinu 2019.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari.